

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eiríks Guðjónssonar í Ási.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Eiríks Guðjónssonar í Ási. Heimili hans og varnarþing er í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Eirík Guðjónsson bónda í Ási, sem fæddur var 2. febrúar 1913 og lést 31. ágúst 1988. Stofnendur eru fjögur systkini Eiríks Guðjónssonar og makar þeirra.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er úr dánarbúi Eiríks Guðjónssonar og nemur kr. 3 000 000,00. Höfuðstólinn má aldrei skerða og skal ávallt leggja við hann $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna og verðbætur allar. Hið sama gildir um annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að efla og styrkja menningar-, líknar- og framfaramál í Ásahreppi í Rangárvallasýslu og einnig þau málefni, sem samstarf hefur tekist um við aðila í öðrum sveitarfélögum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Sýslumaður Rangárvallasýslu og er hann formaður. Tveir af ættingjum Eiríks Guðjónssonar tilnefndir af stofnendum sem tilnefna varamenn sína er síðar taka við og tilnefna þá sína varamenn.

Stofnendur skulu tilnefna tvo endurskoðendur sem tilnefna varamenn sína.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir sjóðsins. Sjóðinn skal ávaxta í ríkistryggðum banka, verðtryggðum skuldabréfum eða með öðrum þeim hætti sem sjóðsstjórnin er sammála um að telja megi öruggan og arðvænlegastan hverju sinni. Stjórn sjóðsins ákveður hvenær styrkur er veittur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur með samþykki allra stjórnarmanna ákveðið að breyta skipulagsskrá sjóðsins eða leggja sjóðinn niður. Fari svo að sjóðurinn verði lagður niður, skal eignum sjóðsins varið með þeim hætti sem boðið er í 4. gr.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Rangárvallasýslu, 31. ágúst 1989.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.